

6. gr.

Innflytjendum, sem heimild hafa til að greiða aðflutningsgjöld af efni til skipasmíða og viðgerða með skuldarviðurkenningu, sbr. ráðuneytisbréf, dags. 14. jan. 1980, skal jafnframt heimilt að greiða tollafgreiðslugjald af sömu vörum með skuldarviðurkenningu ásamt aðflutningsgjöldum.

Reglur um endurgreiðslu tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða sem settar eru samkvæmt heimild í 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga skulu gilda um framkvæmd endurgreiðslu tollafgreiðslugjalds, eftir því sem við getur átt, m. a. lágmarksfjárhæð endurgreiðslubeiðni með þeim leiðréttingum sem leiðir af 2. málsl. þessarar málsgreinar. Heildarendurgreiðsluhlutfall vegna nýsmíði skipa og báta skal vera 0,25% vegna álagningar tollafgreiðslugjalds sem endurgreitt skal með sama hætti og tollur og eftir því sem við verður komið í þeim áföngum sem þar greinir. Af efni, vélum og tækjum til skipaviðgerða skal tollafgreiðslugjaldið endurgreitt að fullu samkvæmt framlagðri aðflutningsskýrslu.

7. gr.

Tollafgreiðslugjald skv. 2. og 3. gr. skal innheimt við tollafgreiðslu með aðflutningsgjöldum og gilda um innheimtu og lögvernd þess, ákvæði laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tollaftirlit og laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, svo og reglugerða og auglýsinga settra samkvæmt þeim.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. og 2. gr. laga nr. 5 27. febrúar 1982 um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 56/1982 um sama efni svo og reglugerð nr. 57/1982 um breyting á henni.

Fjármálaráðuneytið, 3. maí 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 880,00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 310,00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 310,00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 310,00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	.. — 65,00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 400,00
7. Fyrir fjármark	— 78,00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	.. — 45,00

9. Fyrir innköllun	kr. 400,00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 160,00
11. Fyrir ógildingarstefnu	— 400,00
12. Fyrir dómsbirtingu	— 400,00
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentim. . .	— 230,00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 37,00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 17. maí 1982. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 18 22. janúar 1982 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. apríl 1982.

Friðjón Þórðarson.

Jón Thors.